

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Skóla- og frístundaráð lýsir yfir fullum stuðningi við það upplegg sem skóla- og frístundasvið í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið og skólaráð Fossvogsskóla hefur ákveðið varðandi gott samstarf og upplýsingamiðlun til foreldra og starfsfólks Fossvogsskóla í tengslum við yfirstandandi endurbætur á húsnæði skólans. Þar er áréttað að fulltrúar sviðanna fundi reglulega með skólaráði Fossvogsskóla og skólastjóri miðli upplýsingum til foreldra um gang framkvæmdanna. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði lokið fyrir byrjun næsta skólaárs.